

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Helga Hrafní Gunnarssyni um rafræn skattkort.

1. *Hver eru rökin fyrir því að launþegi þurfi að flytja skattkort á milli vinnuveitenda til þess að njóta persónuafsláttar?*

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn um fyrirspurnina frá embætti ríkisskattstjóra (RSK). Sú umsögn fylgir hér með sem fylgiskjal. Eins og fram kemur í umsögninni eru rökin þau að hindra að launamaður fái of háan persónuafslátt á staðgreiðsluári. Ofnýting persónuafsláttar leiðir til þess að skattskuld kann að myndast við endanlega álagningu tekjuskatts ári síðar með tilheyrandi óþægindum og aukakostnaði.

2. *Er eitthvað því til fyrirstöðu að skattfyrvöld meðhöndli útreikning og nýtingu persónuafsláttar sjálfkrafa í samræmi við séróskir launþega ef þær eru fyrir hendi? Ef svo er, þá hvað?*

Eins og glöggð kemur fram í umsögn RSK innihalda staðgreiðslulögin ýmis heimildar-ákvæði sem beita má gagnvart séróskum einstakra launþega. Þar er meðal annars bent á ákvæði 18. gr. laga nr. 45/1987 þar sem launamanni er heimilt að fara fram á endurgreiðslur oftekinnar staðgreiðslu á árinu ef aðstæður eru þannig að ella mundi persónuafsláttur falla niður ónýttur á staðgreiðsluárinu.

3. *Er unnið að því í ráðuneytinu að taka upp rafræn skattkort?*

Embætti ríkisskattstjóra hefur nú um nokkurt skeið unnið að tillögugerð varðandi notkun skattkorta til framtíðar eins og fram kemur í meðfylgjandi umsögn. Ráðuneytið mun taka þær tillögur til gaumgæfilegrar athugunar þegar þær berast með það að leiðarljósi að einfalda notkun þeirra sem kostur er með tilliti til rafrænnar stjórnsýslu.

Fylgiskjal.

*Skúli Eggert Þórðarson,
Ingvar J. Rögnvaldsson:*

Umsögn um fyrirspurn varðandi notkun skattkorta.
(Reykjavík 12. nóvember 2014.)

Vísað er til bréfs fjármála- og efnahagsráðuneytisins til ríkisskattstjóra dags 31. október 2014 og mótttekið hjá ríkisskattstjóra 3. nóvember sl. og varðar fyrirspurn til fjármála- og efnahagsráðherra um rafræn skattkort. Um er að ræða þingskjal 387 - 316. mál.

Í umsögn þessari eru sett fram svör við spurningum þeim sem fram koma í sömu röð og þær eru bornar fram.

1. Hver eru rökin fyrir því að launþegi þurfi að flytja skattkort á milli vinnuveitenda til þess að njóta persónuafsláttar?

Fyrirmæli um notkun skattkorta er að finna í 11. - 13. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum. Einnig er að finna ákvæði um notkun skattkorta í 15. gr. laganna.

Ákvæði 12. gr. laganna mælir skýrlega fyrir um að launamaður skuli afhenda launagreiðenda sínum skattkort fyrir upphaf staðgreiðsluárs eða eftir atvikum þegar hann hefur störf, og skal þá launagreiðandi taka tillit til persónuafsláttar við ákvörðun staðgreiðslu þeirrar sem halda ber eftir af launamanni. Við ákvörðun launa og útreikning staðgreiðslu af launum er launagreiðanda gert að taka ekki tillit til persónuafsláttar ef skattkort er ekki til staðar.

Ákvæði laganna hafa undantekningarlaust verið skýrð þannig að launagreiðanda sé ekki heimilt að taka tillit til persónuafsláttar samkvæmt 67. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt með áorðnum breytingum, ef skattkort er ekki afhent. Tilgangur þessa er vitaskuld að koma í veg fyrir að launamaður geti fengið of háan persónuafslátt á staðgreiðsluári.

Samkvæmt 3. málsli. 1. mgr. tilvitnaðrar 12. gr. er tekið fram að skipti launamaður um starfa eða velji sér annan aðallaunagreiðanda á staðgreiðsluárinu ber fyrri launagreiðanda hans að skila honum skattkorti. Af þessu er ljóst að launamanni ber að flytja skattkort á milli til þess að njóta persónuafsláttar samkvæmt gildandi lögum.

2. Er eitthvað því til fyrirstöðu að skattfyrvöld meðhöndli útreikning og nýtingu persónuafsláttar sjálfkrafa í samræmi við séróskir launþega ef þær eru fyrir hendi? Ef svo er þá hvað?

Öll notkun skattkorta byggist á þeim anda laga nr. 45/1987 að staðgreiðsla opinberra gjalda verði sem réttust á staðgreiðsluári, þótt staðgreiðslan sé bráðabirgðagreiðsla upp í álagningu skatta sem fram fer að staðgreiðsluári loknu. Þannig eru gefin út aukaskattkort, samkv. ósk launamanna sbr. ákvæði 3. - 6. mgr. 12. gr. tilvitnaðra laga. Sömuleiðis miða ákvæði 13. gr. að því að staðgreiðsla verði sem nákvæmest með því að persónuafsláttur maka er millifæranlegur á staðgreiðsluári og ekki einungis í álagningu opinberra gjalda. Innan ákvæða laga er beinlínis ætlast til að launamenn geri þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að honum nýtist persónuafslátturinn sem best og sömuleiðis er launamanni skylt að hlutast til um að rétt skattþrosenta sé notuð við afdrátt, allt í því skyni að staðgreiðslan verði sem réttust. Þá er rétt að benda á að við viss skilyrði getur ónýttur persónuafsláttur færst á milli mánaða, einnig til þess að staðgreiðslan sé sem réttust. Þá er einnig ástæða til að benda á ákvæði 18. gr. tilvitnaðra laga þar sem launamanni er heimilt að fara fram á endurgreiðslu oftekinna staðgreiðslu á árinu ef aðstæður eru þannig að ella myndi persónuafsláttur falla niður ónýttur á staðgreiðsluárinu.

3. Er unnið að því í ráðuneytinu að taka upp rafræn skattkort?

Ríkisskattstjóri hefur á grundvelli 23. gr. laga nr. 45/1987, um nokkra mánaða skeið undirbúið tillögur um hvernig heppilegast sé að standa að ráðstöfun persónuafsláttar á staðgreiðsluári og þá með öðrum hætti en nú er kveðið á um í lögum. Er starfshópur á vegum ríkisskattstjóra að störfum og munu verða gerðar tillögur til fjármála- og efnahagsráðuneytisins um æskilegar lagabreytingar þegar niðurstöður athugunarinnar liggja fyrir. Ríkisskattstjóri telur að núverandi ákvæði laganna þarfnist endurskoðunar og æskilegt í samræmi við aðra þróun vinnubragða að framkvæmdinni verði breytt í þá veru að unnt verði að ákvarða persónuafslátt með öðrum hætti en nú er gert með útgáfu skattkorta. Kemur þar einkum tvennt til álita að taka upp rafræna ákvörðun persónuafsláttar eða láta launagreiðenda og launamanni það eftir að ákvarða hvernig persónuafsláttur skuli nýttur á staðgreiðsluári

Hvernig svo sem hið gildandi kerfi yrði aflagt, breytt eða nýtt fyrirkomulag tekið upp myndi ríkisskattstjóri halda uppi reglubundnu og stöðugu eftirliti með nýtingu persónuafsláttar hjá launamönnum og gera viðvart ef persónuafsláttur verði ofnýttur ss. dæmi eru um við gildandi fyrirkomulag. Undanfarin ár hefur slíkt eftirlit verið eflt eftir að stighækkandi staðgreiðsla var tekin upp 1. júlí 2009 til þess að fylgjast með hvernig nýtingu persónuafsláttar hefur verið háttáð. Er þannig nú mun meiri eftirfylgni en áður var í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun á persónuafslætti.

Tillögur ríkisskattstjóra munu liggja fyrir í lok þessa árs og verða sendar ráðuneytinu til athugunar. Ef tillögur starfshóps ríkisskattstjóra verða í samræmi við frumhugmyndir og fá jákvæðar undirtektir ráðuneytisins má vænta þess að þær kalli á nokkrar lagabreytingar til að laga núverandi kerfi að þeirri rafrænu stjórnsýslu sem nú er orðin alls ráðandi hér á landi. Ætla má að hið nýja fyrirkomulag muni létta ýmsum launagreiðendum og launamönnum, sem eru í óreglulegum störfum eða fá tilfallandi staðgreiðsluskyldar tekjur nokkra umsýslu með persónuafslátt, hvort heldur byggður verður á einhverju formi skattkorta eða annarri rafrænni lausn.